

137

9. okt.

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um holræsi í Patrekshreppi, nr. 130 16. sept. 1944.

3. gr. orðist svo:

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr sveitarsjóði. Til að standast þann kostnað ber hverjum húseiganda, sem á hús við veg, götu eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt í, að greiða holræsagjald til hreppsins, kr. 100.00 árlega, af hverri húseign og auk þess gjald, sem miðast við fasteignamat húsanna 3‰.

Gjöld þessi getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 25‰.

Reglugerðarbreyting þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. október 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

138

10. okt.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Gerðahrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Gerðahrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.75 hver kwst.
2. Um kwst.mæli á kr. 1.20 hver kwst. auk fastagjalds, er nemi kr. 12.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 4.00 á ári af fermetra.

B. Almenn heimilisnotkun.

Um kwst.mæli á 75 aura hver kwst. Auk þess skal greiða fast gjald, kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi íbúðarinnar. Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem notuð eru til íbúðar, og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 m² skal teljast sem hálf, en stærra en 25 m² sem tvö. Þar sem meðalstærð herbergja er undir 10 m² má miða við sameiginlegt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 m² jafngildi einu herbergi og 5 m² hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.50 hver kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds, frá kr. 240.00 til 280.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, með fasttengdum vélum 75 aura hver kwst.